

Fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs 25. nóvember 2020:

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins – US200398

Alvarlegur olíuleki barst inn í hreinsistöðina í Klettagörðum. Samkvæmt upplýsingum frá borginni er ekki vitað um hvaðan lekin kom. Óskað er eftir upplýsingum um hvort vinna sé í gangi um hvaðan lekinn barst, og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.



Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um olíumengun í skólphreinisstöðina í Klettagörðum og hvernig hægt er að fyrirbyggja slíka mengun.

Hreinsistöðin í Klettagörðum þjónar stórum hluta borgarinnar hvað varðar móttöku skólps og hreinsun auk þess sem hún þjónar Mosfellsbæ. Ekki reyndist unnt að rekja uppruna mengunarinnar sem gæti átt uppruna sinn hvar sem er á þessum svæðum. Haft var samband og samráð við Veitur ohf. við eftirlitið.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fyrirbyggir eins og kostur er að slík atvik komi upp með reglubundnu eftirliti í fyrirtæki þar sem við á, m.a. með kröfum um fullnægjandi mengunarvarnarbúnað og eftirlit rekstaraðila með honum auk þess að fræða um meðferð olíufna. Eins eru sendar út fréttatilkynningar í kjölfar svona atburða þar sem brýnt er fyrir fyrirtækjum að huga að réttri geymslu olíufna og tryggja að mengunarvarnarbúnaðar s.s. olíuskiljur séu í lagi og tæmdar reglulega. Eins er haft eftirlit með úrgangsolútönkum og að þeir séu tæmdir eftir þörfum.

Reykjavík 25. nóvember 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri